

GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Við skráningu hunda skal greiða skráningargjald kr. 3.536.

2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunda kr. 10.878. Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar og eftirlits. Ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar eftirlitsgjaldið um 50%.

3. gr.

Af hundum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 14. gr. samþykktar um hundahald í Dalvíkurbyggð nr. 1234/2020 skal eigandi greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhentur hundurinn á ný. Ef hundur er ekki örmerktur samkvæmt 9. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta kr. 6.797 vegna handsömunar og gjald fyrir fóður og vistun samkvæmt kostnaði. Gjald fyrir örmerkingu hunda fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og samþykkt um hundahald í Dalvíkurbyggð nr. 1234/2020, öðlast gildi við birtingu.

6. gr.

Gjaldskráin uppfærðist haustið 2022 um 9% samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Samþykkt í umhverfis- og dreifbýlisráði Dalvíkurbyggðar 24. október 2022 og í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 29. nóvember 2022. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og fellur þá gjaldskrá sama efnis nr. 1582/2022 úr gildi.

Dalvíkurbyggð, 28. apríl 2023.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri.